

Hallfreðar saga vandræðaskálds

Hallfreðar saga vandræðaskálds

1. kafli

Þorvaldur hét maður og var kallaður skiljandi. Hann bjó í eygni Ylfi á Hálogalandi. Hann átti konu þá er Þorgerður hét og var Hallfreðardóttir. Galti hét bróðir hennar. Hann var ríkur maður og bjó í Sogni. Synir Þorvalds voru þeir Óttar og Þorkell silfri og var Þorkell laungetinn. Ingjaldur hét maður er þar bjó enn í eygni. Hans son hét Ávaldi. Óttar var með Ingjaldi.

Sokki hét víkingur einn mikill og illur viðureignar. Hann fór víða með hernaði og var vinur Gunnhildarsona því að þeir voru þá yfir Noregi. Hann kom um nótt á bæ Þorvalds og segir mönnum sínum að þar muni gott fang í hendur bera er auðigur maður bjó fyrir "og skulum vér bera eld að bænum."

Og svo gera þeir.

Þorvaldur gekk til dyra og spyr hver fyrir eldinum réði. Sokki sagði til sín.

"Hvers gjöldum vér að?" segir Þorvaldur. "Eg man eigi mótgerðir mínar við þig."

Sokki segir: "Ekki förum vér víkingar að því. Viljum vér hafa líf þitt og fé."

"Á því munuð þér nú vald eiga að sinni," segir Þorvaldur.

Nú sækja víkingar að bænum með eldi og vopnum og lýkur svo að Þorvaldur brann þar inni við fimmtán menn en nokkurir komust brott úr eldinum. Víkingar tóku fé það allt er þeir máttu með komast.

Sumt lið Sokka fór til bæjar Ingjalds og lögðu þar eld í hús. Hann gekk til dyra og beiddi mönnum útgöngu en þess var engi kostur.

Þá gekk Ingjaldur að sveinunum Óttari og Ávalda og mælti: "Það er líkast að liðin séu mín örlög en gjarna vildi eg koma ykkur úr eldinum og mættuð þið njóta lengri forlaga. Skal eg skjóta ykkur út um laundyr og væru ykkur nóg efni til seld að hefna þessa ef þið fengjuð nokkura uppreist."

Þeir svara að vera mundi viljinn til "en eigi sjáum við efni okkur til þess að svo búnu."

Síðan var þeim skotið út um laundyr einar og komust þeir með reyk í brott og hlaupa út á eyrna en fyrir gný og eldsgangi og það er þeir voru eigi feigir þá komast þeir undan og til eins bónda er þar bjó í eygni.

Óttar mælti þá: "Viltu flytja okkur til lands?"

Bóndi kenndi þá og flutti þá til lands. Þar komu þeir er síldferja var og menn á norðan úr Vogum. Þeir sögðust vera fátækir sveinar og koma sér þar í þjónustu. Þeir fara þar til er þeir koma suður um Sognsæ. Þá segja sveinarnir að þeir vilja þar inn í fjörðu, "eigum við hér frændur fyrir."

Stýrimaður mælti: "Það skal nú sem þið viljið eða munuð þið hér eigi verr komnir en þar sem vér tókum ykkur. Hafið þið vel þjónað og munuð þið brátt brugðnir við meira."

Síðan skildu þeir. Síð dags komu þeir til Galta móðurbróður Óttars og settust utarlega. Galti gekk að þeim og spurði hverjir þeir væru. Óttar sagði satt til þeirra.

"Þá er skapleg koma ykkur," sagði Galti, "og gangið til sætis."

Þar voru þeir í góðu yfirlæti sjö vetur eða átta og gerðust gervilegir menn. Þá var Óttar á Fitjum er Hákon konungur féll en Gunnhildarsynir tóku ríki.

Það var einn dag er Galti mælti: "Svo virði eg Óttar sem þú sért fyrir ykkur fóstbræðrum og vænti eg að þú verðir framkvæmdarmaður en nú er sú öld í Noregi að eg treystist eigi að halda ykkur hér með mér. Nú vil eg fá ykkur kaupeyri og skuluð þið sigla vestur til Englands og vita hvernig það vill takast."

Óttar kvaðst hans ráðum hlíta vilja. Selt hafði Galti jarðir þeirra og tekið fyrir lausafé. Nú fara þeir úr landi fóstbræður, Óttar og Ávaldi, vestur til Englands og afla sér fjár. Þrjá vetur eða fjóra voru þeir í siglingum til Englands og áttu þá stórfé. Þeir fóru þá til Orkneyja og voru þar vel metnir af góðum mönnum.

Óttar mælti þá til Ávalda: "Það leikur mér í skapi að kaupa Íslandsfar og ráðast þangað. En þó vildi eg að við hefndum áður feðra okkarra en við losnuðum brott með öllu."

Ávaldi bað hann fyrir sjá. Síðan keyptu þeir sér skip gott og réðu þar menn til og sigla nú til Noregs og komu í Sogn til Galta og sögðu honum sína ætlan.

Galti segir: "Það ber vel til. Sokki liggur héðan skammt í brott á einu skipi og sefur á landi um nætur í einu lofti. Skal eg fá ykkur mann þann er allt er kunnigt fyrir og Sokki mun síst varast."

2. kafli

Nú fóru þeir frá skipi sínu, Óttar og Ávaldi, og sá maður með þeim er Steinn hét. Þeir komu síð um kveld að bæ þeim er Sokki svaf að um nætur og Sóti bróðir hans. Steinn fór einn til bæjar og kom sér brátt í tal við þá Sóta og drakk með þeim um kveldið. Og er þeir gengu til svefns og upp í loftið þá gerði Steinn þeim Óttari vísbending. Þeir Sóti voru sjö saman í göngu og komu í loftið og ætluðu að afklæðast. Þá koma þeir Óttar að og leggur hann þegar með sverði til Sokka neðan undir brynjuna og svo upp í smáparmana og fékk Sokki þegar bana. Ávaldi hjó með sverði til Sóta og af honum báða þjóhnappana. Síðan hljópu þeir út allir og létu myrkrið gæta sín. Þeir komu til skips síns og héldu þegar í haf og fengu góðan byr og þótti þeirra ferð allsköruleg orðið hafa.

Gunnhildur spyr þetta og kvað það mein að hún hafði eigi þá menn augum leitt er vini hennar höfðu drepið og skammað "en eg veit þó," segir hún, "hverjir gert hafa."

Þeir Óttar komu í Blönduós fyrir norðan land og voru þá numin lönd öll. Óttar keypti land í Grímstungum í Vatnsdal að þeim manni er Einar hét og gaf honum við kaupskipið. Óttar gerði bú. Ávaldi var með Óttari hinn fyrsta vetur. Um vorið keypti hann land að Hnjúki í Vatnsdal. Hann fékk þeirrar konu er Hildur hét, dóttir Eyvindar sörkvis. Dóttir þeirra hét Kolfinna. Hún var væn kona og ofláti mikill.

Ólafur hét maður er bjó að Haukagili. Hann var auðigur maður og átti þá konu er Þórhalla hét og var dóttir Ævars hins gamla. Aldís hét dóttir þeirra og var sköruleg kona. Hennar bað Óttar og fékk með miklu fé. Son þeirra hét Hallfreður en annar Galti. Dóttir þeirra hét Valgerður og var allra kvenna fríðust. Ólafur að Haukagili fósttraði Hallfreð og var hann vel haldinn þar. Hann var snemma mikill og sterkur, karlmannlegur og skolbrúnn nokkuð og heldur nefljótur, jarpur á hár og fór vel. Skáld var

hann gott og heldur níðskár og margbreytinn. Ekki var hann vinsæll.

Þorsteinn Ingimundarson var þá höfðingi í Vatnsdal. Hann bjó að Hofi og þótti mestur maður þar í sveitum. Hann var vinsæll og mannheillamaður mikill. Ingólfur og Guðbrandur voru synir hans. Ingólfur var vænstur maður norðanlands. Um hann var þetta kveðið:

Allar vildu meyjar
með Ingólfi ganga
þær er vaxnar voru,
vesöl er eg æ til lítil.
Eg skal og, kvað kerling,
með Ingólfi ganga
meðan mér tvær of tolla
tennr í efra gómi.

Haustboð var efnað í Grímstungum og knattleikur. Ingólfur kom til leiks og mart manna með honum neðan úr dalnum. Veður var gott og sátu konur úti og horfðu á leikinn. Valgerður Óttarsdóttir sat upp í brekkuna frá og konur hjá henni. Ingólfur var að leiknum og fló knötturinn upp þangað. Valgerður tók knöttinn og lét koma undir skikkju sína og bað þann sækja er kastað hafði. Ingólfur hafði þá kastað. Hann bað þá leika en hann settist niður hjá Valgerði og talaði við hana allan þann dag.

3. kafli

Nú var slitið leiknum og fóru menn heim, þeir er eigi voru í boði. Síðan vandi Ingólfur komur sínar í Grímstungur til tals við Valgerði.

Óttar kom að máli við Ingólf og mælti: "Eigi gest mér að komum þínum og spurt muntu það hafa að vér höfum eigi setið um skapraunir eða skammir. Muntu komast að ráðahag við hana ef þú vilt."

Hann kvaðst mundu vera sjálfráði ferða sinna hvað sem Óttar segði, lét svo að eins skipaðan dalinn að hann kvaðst engis manns nauðarmaður vera skulu.

Síðan hitti Óttar Þorstein og bað hann halda svo son sinn að hann fengi enga ósæmd af honum "því að þú ert vitur maður og góðgjarn."

Þorsteinn segir: "Víst gerir hann slíkt í móti mínum vilja og heita vil eg þér mínu umtali."

Og skilja þeir við það.

Þorsteinn mælti til Ingólfs: "Annan hátt hafið þér en vér höfðum á unga aldri, gerið yður að ginnungum er höfðingjaefni eruð. Lát af tali við dóttur Óttars bónda."

Ingólfur kvað við hans umtal batna skyldu og lét þá af komum fyrst í stað. Síðan orti Ingólfur mansöngsdrápu um Valgerði.

Óttar reiddist því mjög, fer enn að hitta Þorstein og kvað sér nú leitað mikillar skapraunar: "Nú bið eg að þú lofir mér að stefna syni þínum því að eg nenni eigi að kyrrt sé."

Þorsteinn segir: "Meðallagi er það ráðlegt en eigi vil eg banna þér."

Þá mælti Jökull bróðir Þorsteins því að hann var þar hjá: "Heyr á endemi. Þú mundir stefna oss frændum hér í sveit. Skaltu fá ófagnað."

Jökull bjó uppi í Tungu í Vatnsdal. Þorsteinn sýndi enn góðvild sína og setti menn til með þeim á Húnavatnspingi en bauð handsöl fyrir son sinn. Þorsteinn bað þess að Óttar yndi því að hann dæmdi um drápumálið og það er milli þeirra var. Þessa fýstu menn Óttar og varð það að sættum að Þorsteinn skyldi einn gera.

Síðan mælti Þorsteinn: "Skjót eru hér mín ummæli. Mun eg sjá fyrir hvorumtveggjum hversu sem ykkur líkar. Eg geri hálf hundrað silfurs til handa Óttari en hann skal selja jarðir sínar og ráðast í brott úr þessi sveit."

Óttar kvaðst eigi vara að honum mundi slíkur ójafnaður ger vera. Þorsteinn kvaðst eigi síður fyrir hans hlut séð hafa við skaplyndi hvorratveggju. Og eftir það réðst Óttar suður í Norðurárdal og bjó fyrst á Óttarsstöðum.

Þá var Hallfreður son hans nær tvítugum manni. Hann lagði hug á Kolfinnu Ávaldsdóttur en Ávalda var lítið um það og vildi gifta honum dóttur sína en Hallfreður vildi eigi kvænast. Ávaldi fer að hitta Má vin sinn er bjó á Mársstöðum og sagði honum til vandræða sinna.

Hann svarar: "Hér mun fást ráð til. Eg skal fá mann til að biðja hennar. Maður heitir Grís og er Sæmingsson. Hann er vinur minn og býr að Geitaskarði í Langadal" - hafði hann verið út allt í Miklagarð og fengið þar miklar sæmdir - "hann er auðigur maður og vinsæll."

4. kafli

Nú sendi Már orð Grísi og kemur hann á Mársstaði.

Már mælti: "Ráð hefi eg hugað fyrir þér. Þú skalt biðja Kolfinnu dóttur Ávalda. Þar skortir eigi fé og er hún kostur góður en mér er sagt að Hallfreður Óttarsson eigi tal við hana jafnan."

Þetta var áður en Óttar fór norðan.

Nú koma þeir Már og Grís til Ávalda og voru sjö saman. Þeir settu úti spjót sín. Grís átti gullrekið spjót. Nú sátu þeir að málunum og fylgdi Már fyrir hönd Gríss. Ávaldi kvað Márs forsjá á skyldu vera "ef yður líst svo og mun yður eigi frá vísað."

Og í það mund komu þeir Hallfreður og förunautur hans og sáu spjótin.

Hallfreður mælti: "Konnir munu hér menn nokkurir um langan veg og gættu hesta okkarra en eg mun fara til dyngju Kolfinnu."

Og svo gerir hann. Hann settist hjá henni og spurði hvað komið væri, "en engi þekkt mun mér á þeim vera því að þeir munu biðja þín og trúi eg að það mun eigi vel verða."

Kolfinna segir: "Láttu þá fyrir því sjá er ráða eiga."

Hann segir: "Finn eg að þér þykir nú þegar biðill þinn betri en eg."

Hallfreður setti hana í kné sér úti hjá dyngjuveggjunum og talaði svo við hana að allir sáu þeir er út gengu. Hann sveigir hana að sér og verða þá einstaka kossar.

Nú koma þeir Grís út.

Hann mælti: "Hverjir eru þessir menn er hér sitja á dyngjuveggnum og látast svo kunnlega við?"

Grís var heldur óskyggn og súreygur.

Ávaldi svarar: "Hallfreður er þar og Kolfinna dóttir mín."

Grís mælti: "Er þetta vandi þeirra?"

"Oft ber svo til," kvað Ávaldi, "en þú verður nú þetta vandræði af að ráða er þín festarkona."

Grís svarar: "Auðsætt er það að við mig vill hann nú illt eiga og er slíkt til hræsni gert."

Nú ganga þeir Grís til hesta sinna.

Þá mælti Hallfreður: "Vita skaltu það Grís að þú skalt fjandskap minn hafa ef þú ætlar þér þenna ráðahag."

Már mælti: "Engis munu þín orð metin Hallfreður um þetta mál og mun Ávaldi eiga ráð dóttur sinnar."

Þá kvað Hallfreður vísu:

Svo nökkvi verður sökkvis
sannargs troga margra
ægileg þess augum
allheiðins mér reiði
sem ólftill úti
ills mest við för gesta,
stæri eg brag fyrir brúði,
búrhundur gamall stúri.

"Og hirði eg ekki Blót-Már," segir Hallfreður, "hvað er þú leggur til."

Már sagði ef hann flimtaði hann að hann skyldi hart í móti taka. Hallfreður kvaðst ráða mundu orðum sínum.

Hann kvað þá vísu:

Ráða rækimeiddar
randaliðs að biðja,
ótti, einkadóttur
Ávalds, er það skaldi.
Síð mun Surts um bíða,
svo geta menn til hennar,
kvonar byrr af kyrri
Kolfinnu mér renna.

Hallfreður reið þá í brott og var reiður.

Már mælti þá: "Ríðum eftir þeim."

Og svo gera þeir og voru níu saman. Fékk Ávaldi þeim tvo menn.

Ólaf fóstur Hallfreðar grunaði um ferð þeirra Gríss og Márs. Hann sendir þegar eftir Óttari og er þeir finnast segir Ólafur honum að Hallfreður mun manna þurfa.

Nú er að segja frá Hallfreði að þeir ríða tveir undan en níu eftir.

Hallfreður sér eftirreiðina og mælti: "Rennum eigi lengra undan."

Þeir voru þá komnir hjá holti einu. Þjuggust þeir þar við og brutu upp grjótt. Nú koma þeir Grís að og sækja að þeim en þeir verjast alldrengilega. En þó kom þar sem mælt er að ekki má við margnum, og verða þeir Hallfreður handteknir og bundnir báðir.

Þá mælti Grís: "Menn ríða hér að oss og eru eigi færri en þrír tigur og má vera að sigurinn verði skammær."

Þeir Grís sneru aftur og ríðu þá undan hart og yfir ána og var þar götuskarð í bakka og vígi gott. Þar nema þeir staðar. Þá koma þeir Óttar að ánni. Grís kvaddi Óttar og spurði hvað hann vildi.

Óttar mælti: "Hvar er Hallfreður frændi minn?"

Grís segir: "Hann er bundinn en eigi drepinn hjá holti því er vér fundumst."

Óttar segir: "Óvirðulega hafið þér við hann búið eða viltu unna mér eindæmis fyrir þetta?"

Grís kvaðst hans orð mikils virða skyldu og að því sættust þeir og skildu við svo búið. Óttar ríður nú aftur á veg og finnur Hallfreð og leysir þá féлага.

Óttar mælti: "Eigi er ferð þessi virðuleg orðin frændi."

Hallfreður kvað eigi lofa mega "og eigi hirði eg faðir hversu þú gerir gerð þessa ef Grís á eigi Kolfinnu."

Óttar segir: "Grís skal konu eiga alls hann trúir mér til en þú frændi skalt fara utan og leita þér meiri sæmdar."

Hallfreður segir: "Hver mun mér þá trú ef faðirinn bregst? Nú skal það fyrri að hendi berast að eg bjóði Grísi hólmgöngu þegar eg sé hann."

Nú ríður Óttar heim en Hallfreður til Haukagils. Ólafi þótti illa orðið hafa og þótti Hallfreður ótrúlegur að halda sættir og sendi orð Óttari að honum leist vandræða líklegt. Þá komu orð til Hallfreðar að faðir hans væri sjúkur og kvaðst vilja finna hann og gera skipan sína.

Hallfreður kom og þegar lét Óttar taka hann og fjötra: "Eru nú tveir kostir, annaðhvort að sitja í fjötrum eða láta mig einn ráða fyrir þína hönd."

Hallfreður segir: "Eigi hefir þú þó í tveim höndum við mig en heldur muntu ráða en eg sitji hér í fjötrum."

Þá var fjöturinn af Hallfreði látinn.

Már hafði inni boð þeirra Gríss og Kolfinnu og fór hún til bús með Grísi út til Geitaskarðs. Ekki voru miklar ástir af hennar hendi við Grís.

Ólafur að Haukagili fýsti mjög Hallfreð frænda sinn utan að fara, "skal eg fá þér fé svo að þú megir vel fara með góðum mönnum."

Faðir hans fýsti hann mjög utan að fara. Óttar lauk upp gerð með þeim Grís og gerði hundrað silfurs Hallfreði til handa.

Hallfreður vildi það eigi hafa og mælti svo: "Sé eg elsku þína við mig faðir. Munuð þér þessu ráða en svo segir mér hugur um að vor vandræði verði löng."

Þá fór Óttar einum vetri síðar suður til Norðurárdals.

5. kafli

Þetta sumar fer Hallfreður suður til Hvítár og er hann kom til skips kvað hann vísu:

Fús em eg enn þótt ósa
áföll drepi stáli,
mjög skýtr Mörnar vakri,
minnast við Kolfinnu,
því að álgrundar endis
ættgóðrar mér tróðu
betr unnum nú nytja
nær en heitið væri.

Hallfreður fór utan og til Noregs. Hann sótti á fund Hákonar jarls hins ríka er þá réð Noregi, gekk fyrir hann og kvaddi hann. Jarl spurði hver hann væri.

Hann kveðst vera íslenskur maður "en erindi er það herra að eg hefi kvæði ort um yður og vildi eg hljóð fá."

Jarl segir: "Líklegur ertu til að vera höfðingjadjarfur maður. Þann veg ertu í bragði og skaltu víst hljóð fá."

Hallfreður kvað kvæðið og var það drápa og flutti vel og skörulega. Jarl þakkaði honum og gaf honum exi mikla silfurrekna og góð klæði og bauð honum með sér að vera um veturinn og þá Hallfreður það.

Um sumarið fer Hallfreður til Íslands og kemur fyrir sunnan land og hafði þá mikið fé. Síðan var hann í förum nokkura vetur og var aldrei fyrir norðan land.

Og eitt sumar er hann kom af Íslandi þá lágu þeir við Agðanes. Þar hitta þeir menn að máli og spurðu tíðinda. Þeim var sagt að höfðingjaskipti var orðið í Noregi. Var Hákon jarl dauður en Ólafur Tryggvason kominn í staðinn með nýjum sið og boðorðum. Þá urðu skiparar á það sáttir að slá í heit og skyldi gefa Frey fé mikið ef þeim gæfi til Svíþjóðar en Þór eða Óðni ef til Íslands kæmi en ef þeim gæfi eigi í brott þá skyldi konungur ráða. Þeim gaf aldrei í brott og urðu að sigla inn til Þrándheims og komu við höfn þá er á Flagða hét. Þar lágu fyrir mörg langskip. Veður gerði á mikið um nóttina af hafi svo að eigi hrifu akkerin við.

Þá mælti einn af langskipamönnum: "Þessir menn eru illa staddir á kaupskipinu og mun þeim eigi duga er veðrið stendur þar á sem þeir liggja og skulum vér róa til þeirra."

Þeir gengu á skip þrír tígir manna og sat einn í stafni. Og er þeir komu til kaupskipsins mælti sá er í stafninum sat: "Þér eruð illa komnir og er hér óhreint fyrir og skulum vér greiða ferð yðra."

Sjá var mikill vexti.

Hallfreður mælti: "Hvað heitir þú?"

Hann segir: "Eg heiti Akkerisfrakki."

Og er þeir töluðust þetta við þá gekk í sundur akkerisstrengurinn en sá er í stafninum sat kastaði sér þegar fyrir borð og kafaði eftir strengnum í storminum og náði þegar. Var þá upp dregið akkerið.

Þá kvað Hallfreður stöku þessa:

Færum festar vorar,
ferr sjóroka að knerri.
Svörð tekr heldr að herða.
Hvar er Akkerisfrakki?

Úlpumaður segir:

Enn í úlpu grænni
eg fæ dreng til strengjar
þann er hnakkmiða hnykkir.
Hér er Akkerisfrakki.

Þeir reru fyrir skipinu í gott lægi. Ekki vissu kaupmenn hver þessi hafði verið en síðar var þeim sagt að konungurinn sjálfur hafði hjálpað þeim.

Eftir það lögðu þeir inn til Hlaða. Þar var Ólafur konungur fyrir og var honum sagt að þessir menn mundu vera heiðnir og nýkomnir af Íslandi. Hann stefnir þeim á sinn fund og er þeir komu þar taldi konungur trú fyrir þeim og bað þá kasta forneskju og illum átrúnaði en trúa á sannan guð, skapara himins og jarðar.

Hallfreður svarar máli konungs: "Eigi mun það kauplaust konungur að eg taki þann sið er þú boðar."

Konungur mælti: "Hvað er til mælt?"

Hann svarar: "Þú skalt mig aldrei láta þér af höndum hvað illt sem mig hendir."

Konungur segir: "Þann veg værir þú í bragði að fárs mundir þú svífast og mart láta þér sóma."

Þá gekk Hallfreður í brott og vildi síðar við konung tala. Konungur spyr þá hvar Íslendingur væri og bað ganga eftir honum. Nú kom Hallfreður til konungs annan tíma.

Þá mælti konungur: "Tak nú skírn og skal það nú til vinna er þú beiðist eða hvað heitir þú?"

Hann kvaðst Hallfreður heita.

"Þú ert einarðlegur maður og skörulegur og þjóna eigi lengur fjandanum."

Hallfreður segir: "Sú er bæn mín önnur herra að þú haldir mér undir skírn."

Konungur segir: "Þú beiðist svo margt að eigi má við þig fást."

Þá mælti biskup: "Ger þetta sem hann beiðist. Því meira gerir guð fyrir þína skyld sem þú gerir fleira til eflingar kristni guðs."

Eftir þetta heldur konungur Hallfreði til skírnar og fær hann síðan í hendur Þorkatli nefju bróður sínum og Jósteini og lét þá kenna honum heilug fræði. Þetta sannar Hallfreður í kvæði því einu er hann orti um Ólaf konung:

Hlaut eg þann er æðstr var einna,
eg sanna það, manna
undir niðbyrði Norðra
norðr guðföður orðinn.

6. kafli

Nú var Hallfreður með konungi um hríð og orti um hann flokk og það sér hljóðs. Konungur kvaðst eigi hlýða vilja.

Hallfreður segir: "Þú munt því ráða en týna mun eg þá þeim fræðum er þú lést mér kenna ef þú vilt eigi hlýða kvæðinu og eru þau fræði ekki skáldlegri er þú lést mig nema en kvæðið er, það er eg hefi um þig ort."

Ólafur konungur mælti: "Sannlega máttu heita vandræðaskáld og skal heyra kvæðið."

Hallfreður flutti skörulega kvæðið og var það drápa.

Og er lokið var mælti konungur: "Þetta er gott kvæði og þigg af mér sverð búið en vandgætt mun þér til þess því að engi fylgir umgerðin og haf svo þrjá daga og þrjár nætur að engum verði mein að."

Þá kvað Hallfreður vísu:

Veit eg vísu skreyti
víðlendr konungr sendi
nökkta hjör af nökkvi.
Nú flaustr burar austr.
Verða hjölt fyrir herði,
höfum gramr kera framdan,
skölkving þá eg, of skjalg,
skrautleg, konungsnauti.

Vel gat Hallfreður varðveitt sverðið.

Og allmjög lofaði hann goðin og kvað mönnum það illa takast er menn löstuðu þau. Hann kvað þetta svo að konungur heyrði einn tíma:

Hitt var fyrr er harra
Hliðskjálfar gat eg sjálfan,
skipt er á gumna giftu,
geðskjótan vel blóta.

Konungur mælti: "Allill vísa og bæt yfir."

Hallfreður kvað enn:

Öll hefir ætt til hylli
Óðins skipað hljóðum,
algildar man eg, aldar,
iðjur vorra niðja.
En trauðr, því að vel Viðris
vald hugnaðist skaldi,
legg eg á frumver Friggjar
fjón því að Kristi þjónum.

Þá mælti konungur: "Allmikinn hug leggur þú á goðin og er það illa virðanda fyrir þér."

Þá kvað Hallfreður vísu:

Höfnum, hölda reifar,
hrafnblóts goða nafni,
þess er ól við lof lýða
lóm, úr heiðnum dómi.

Konungur segir: "Ekki batnar um og kveð vísu til yfirbóta."

Hallfreður kvað vísu:

Mér skyli Freyr og Freyja,
fjarð lét eg af dul Njarðar,
líknist gröm við Grímní,
gramr og Þór hinn rami.
Krist vil eg allrar ástar,
erumk leið sonar reiði,
vald á frægt und foldar
föður, einn og guð kveðja.

Þá mælti konungur: "Slíkt er vel kveðið og betra en eigi og yrk enn."

Hallfreður kvað vísu:

Sá er með Sygna ræsi
siðr að blót eru kviðjuð.
Verðum flest að forðast
fornhaldin sköp norna.
Láta allir ýtar
Óðins orð fyrir róða.
Nú em ek neyddr frá Freyju
niðjum Krist að biðja.

Óttar hét maður upplenskur. Kálfur hét bróðir hans. Þeir voru hirðmenn konungs og vasklegir menn og vel metnir af konungi. Þeir öfunduðu Hallfreð og þótti þeim hann hafa of mikinn gang af konungi. Og eitt kveld er þeir drukku slógu þeir í deilu mikla og var konungur hjá og bar konungur viðtal þeirra í hag Óttari því að hann sá að honum entist eigi þrætan við Hallfreð og gekk brott síðan. Og eftir það sló í kappmæli með þeim en svo lauk með þeim að Hallfreður hljóp upp og hjó Óttar banahögg með exinni Hákonarnaut. Kálfur þreif Hallfreð og menn með honum og settu í fjötur. En það voru lög að þann mann skyldi drepa er mann vægi í konungs herbergi. Síðan fundu þeir konung og kváðu þá sýnast hvað manna Hallfreður var og sögðu hann bleðja mundu ætla hirðina og rægðu hann nú sem mest máttu þeir til þess, að konungur bað láta drepa hann um morguninn eftir. Kálfur varð við þetta glaður. Og um daginn eftir leiddu þeir hann út og til dráps.

Hallfreður mælti: "Hvar er konungur?"

Þeir svara: "Hvað mundi þig það skipta? Dæmdur ertu nú til dauða."

Þá mælti Hallfreður: "Er sá dauður er eg vann á?"

Þeir kváðu svo vera.

Hallfreður mælti: "Ef sá er nokkur hér við staddur er eg hefi vel til gert þá launi það svo að leiði mig þar í nánd sem konungur er og vil eg þakka hérvist mína."

Þá kom það fram sem mælt er að hver á sér vin með óvinum, og voru þeir þar að við það kenndust að hann hafði vel til gert og leiddu hann þar hjá er konungur var og biskup.

Og er Hallfreður kom gegnt þeim þá mælti hann: "Minnist þess herra er þér hétuð að segja mig yður aldrei afhendan og verðið eigi heitrofa við mig. Sá annar hlutur að þú ert guðfaðir minn."

Sigurður biskup mælti við konung: "Lát hann njóta slíkra hluta."

"Svo skal vera," segir konungur og bað þá þegar leysa hann.

Nú var svo gert og líkaði Kálfi allþungt. Nú var Hallfreður enn með hirðinni og kom sér brátt vel en þó var konungur færri við hann en áður og bætti þó víg þetta fyrir hann.

Það var einn dag að Hallfreður gekk fyrir konung og féll til fóta honum. Konungur sá að hann felldi tár og spurði hvað honum þótti svo mikið.

Hann segir: "Nær fellur mér reiði þín og henni vildi eg af mér koma."

Konungur segir: "Svo skal vera. Þú skalt fara sendiför mína eftir jól og skulum við þá sáttir ef þú kemur ferðinni fram eða hvort áttu sverð það er eg gaf þér?"

"Á eg víst herra og aldrei hefir það komið í umgerð."

Konungur mælti: "Það samir vel að vandræðaskáldið eigi vandræðagripinn eða muntu kunna að nefna sverð í hverju vísuorði?"

Hallfreður segir: "Við mun eg leita ef þér viljið og allt mun eg til vinna að koma af mér yðvarri reiði."

Konungur mælti: "Kveð nú þá."

Hallfreður kvað þá vísu:

Eitt er sverð það er sverða
sverðauðgan mig gerði.
Fyrir svip-Njörðum sverða
sverðótt mun nú verða.
Muna vansverðað verða,
verðr em eg þriggja sverða,
jarðarmens að yrði
umgerð að því sverði.

Konungur þakkaði honum og kvað honum mikla íþrótt í skáldskap sínum og gaf honum umgerð mjög vandaða "og þó að svo beri til," segir konungur, "að þig hendi það víti að þú komir eigi undir borð eða til kirkju þá skal þér frammar upp gefa en öðrum."

Hallfreður þakkaði konungi.

Eitt sinn var það að konungur spurði hvar Hallfreður væri.

Kálfur segir: "Hann mun enn hafa vanda sinn að blóta á laun og hefir hann líkneski Þórs í pungu sínum af tönn gert og ertu of mjög dulinn að honum herra og færð hann eigi sannreyndan."

Konungur bað Hallfreð þangað kalla og svara fyrir sig. Hallfreður kemur þar.

Konungur mælti: "Ertu sannur að því er þér er kennt að þú blótir?"

"Eigi er það satt herra," segir Hallfreður. "Skal nú rannsaka pung minn. Hefi eg hér ekki undanbragð mátt hafa þó að eg vildi."

Nú fannst engi sá hlutur í hans valdi er til þess væri.

"Þetta er dauðaróg," segir Hallfreður, "og mun Kálfi að illu verða ef eg nái svo til hans. Hann kom mér enn fyrri til dauða."

Konungur mælti: "Eigi er ykkur saman vært og skal Kálfur fara til búa sinna. En þú Hallfreður skalt fara sendiför mína til Upplanda til Þorleifs hins spaka. Hann vill eigi við kristni taka og skaltu drepa hann eða blinda ella. Hann er dótturson Þorleifs Hörða-Kárasonar. Skal eg til leggja mína giftu og haf menn svo marga sem þú vilt."

Hallfreður kvað ferðina órífllega "en allt að einu skal fara sem þér viljið. En Jósteynn móðurbróðir yðvar vil eg að fari með mér og bekkjunautar mínir þeir sem eg kys til svo að vér séum saman fjórir og tuttugu."

"Ger sem þér líkar," segir konungur, "en sent hefi eg fyrri menn til Þorleifs og hafa þeir engu til leiðar komið því er eg vildi að væri."

Síðan riðu þeir Hallfreður brott frá konungi og til þess er þeir komu í skóg þann er skammt var frá bæ Þorleifs. Þá stigu þeir af hestum sínum í rjóðri einu.

Þá mælti Hallfreður: "Hér skuluð þér bíða mín til hinnar þriðju sólar en fara þá aftur ef eg kem eigi hér."

Jósteinn bauð að fara með honum. Hann vildi það eigi. Hallfreður tók þá stafkarlsgervi. Hann lét leggja lit í augu sér og sneri um á sér hvörmunum og gerði mikla breytni á yfirlitum sínum. Langan bagga hafði hann á baki og var þar í sverð hans konungsnautur. Hann gekk nú að bæ Þorleifs og að haugi þeim er hann sat á og var það snemma dags. Þorleifur heilsaði honum og spurði hver hann væri.

"Eg er fátækur maður einn," segir hann. "Kom eg til konungs og vildi hann mig til trúar brjóta en eg hljóp á brott leynilega og drap eg áður einn konungsmann. Nú vildi eg biðja þig nokkurrar ásjá."

Þorleifur svarar fá um það en spyr hann margt um lönd eða hafnir. Hann leysti úr öllu fróðlega.

Þorleifur mælti: "Var nokkur sá maður með konungi er Hallfreður heitir?"

Hann svarar: "Heyrði eg hans getið og sjaldan að góðu."

Þorleifur mælti: "Sá maður dreymir mig jafnan en þó er það ómerkilegt. En koma munu konungsmenn hingað brátt. En hann Hallfreður er svo manna að eg skil síst hvað manna að er, að frásögn manna, og horfin heilla er mér hvað sem eftir kemur."

Þá grunar Þorleif hver maðurinn var og vildi upp standa en Hallfreður þreif til hans og rak hann undir sig er hann var miklu sterkari. Þeir ultu ofan fyrir hauginn og varð Hallfreður efri. Hann setti hæl á augað Þorleifi og hleypti úr honum auganu.

Þorleifur mælti þá: "Konungs gifta fylgir þér en við þig hefi eg lengi áhugafullur verið en nú er það fram komið. En veit eg að þú gerir konungs boðskap að blinda mig eða drepa. En nú vil eg biðja þig að þú gefir mér annað auga en eg vil gefa þér hníf og belti og er hvortveggja góður gripur og koma þér þó að liði ef svo ber til og ertu ekki ólíklegur að þurfa þess við."

Hallfreður kvaðst eigi vilja svo brjóta konungs boðskap að þiggja af honum góðgripi til þess, kvaðst heldur vilja taka það á sig að gefa honum annað augað. Þorleifur þakkaði honum og skildu þeir að því. Fer Hallfreður til sinna manna og varð þar fagnafundur. Þorleifur gekk heim til bæjar og sagði engum manni áverkann fyrir en þeir voru langt á brottu.

Þeir Hallfreður riðu leið sína þar til er þeir komu til Kálfs um farinn veg.

Þá mælti Hallfreður: "Drepa skal þenna hinn illa mann."

Jósteinn mælti: "Ger eigi það. Blöndum eigi giftu við ógiftu."

Hallfreður segir: "Eigi hefir hér að högum verið til skipt. Góður drengur er meiddur en mannfýlan lifir" og þreif hann höndum og stakk úr honum augað.

Kálfur varð hryggur við.

Hallfreður mælti: "Nú sýnir þú enn greyskapinn."

Síðan fóru þeir brott og komu til konungs og sat hann að tafli. Þeir kvöddu hann. Konungur spurði tíðinda. Hallfreður segir alla sögu konungi.

Konungur mælti: "Vel hefir þú gert og sýn mér augað."

Síðan tók Hallfreður augað Kálfs.

Konungur mælti: "Hvar fékkstu slíkt auga?"

"Þetta er Þorleifs auga."

"Nei," segir konungur, "fleira muntu unnið hafa en eg bauð þér."

Síðan sýndi hann auga Þorleifs.

Þá mælti konungur: "Þetta er hans auga og er enn ekki betur en hálfgerð."

Hallfreður mælti: "Nú galt eg Kálfi er hann stangaði mig spjótsoddinum þá er hann leiddi mig til bana" og segir nú allt sem farið hafði.

Konungur mælti: "Viltu nú fara til Þorleifs öðru sinni?"

Hallfreður segir: "Eigi vil eg þangað fara en fara vil eg til Kálfs og stinga úr honum annað augað."

Konungur kvað þar standa skyldu. Tók Hallfreður þá sæmdir með konungi.

7. kafli

Það var eitt sinni er Hallfreður var fyrir konungi að hann mælti:

"Leyfi vildi eg hafa í sumar að sigla austur til Eyrar kaupferð."

Konungur segir: "Eigi skal það banna þér en svo segir mér hugur um að eigi sé þér óannara aftur til mín en þér er í brott og mart mun yfir þig líða."

Hallfreður segir: "Til þess verður nú að hætta."

Síðan fór Hallfreður á brott. Hann spurði að Sigvaldi jarl var höfðingi mikill. Hallfreður kemur á fund hans og kvaðst hafa ort kvæði um hann.

Jarl spyr: "Hver ertu?"

Hann segir.

"Ertu skáld Ólafs konungs?"

"Svo er," segir Hallfreður, "og vildi eg hljóð fá."

Jarl mælti: "Hví mun mér það eigi vel sama er Ólafi konungi líkar vel?"

Hallfreður kvað kvæðið og var það flokkur. Jarl þakkaði honum kvæðið og gaf honum gullhring þann er vó hálfá mörk og bauð honum þar að vera með sér.

Hallfreður þakkaði honum boð "en til Svíþjóðar skal nú fyrst fara."

Jarl bað hann ráða.

Það sama haust fór hann í Vík austur og brutu þar skipið austan fjarðar og týndu miklu fé. Þaðan fór Hallfreður til Konungahellu og dvaldist þar um hríð.

Og einn dag er Hallfreður gekk úti að kaupstefnu þá gekk maður í móti honum. Þeir kvöddust og spurði Hallfreður hver hann væri.

Hann kvaðst Auðgísl heita og kominn vestan af Englandi "og skortir mig eigi fé eða er þetta Hallfreður vandræðaskáld?"

Hann kvað svo vera.

"Eg hefi frétt," kvað Auðgísl, "að þú hefir hitt í fjártjón eða viltu slá kaupi við mig að fara austur til Gautlands með mér til veturvistar en eg skal gefa þér tíu merkur silfurs til fylgdar því að mér er sagt að þín fylgd sé fé kaupandi?"

Hallfreður kvaðst það vilja.

Vegurinn var óhreinn og hurfu margir aftur. Þeir Hallfreður höfðu fimm klyfjahesta og einn að ríða, fóru nú austur á markirnar.

Og einn dag sáu þeir að maður fór móti þeim. Þeir spurðu hver hann væri. Hann kvaðst Önundur heita.

Hann var mikill vexti og kvaðst vildu fara með þeim ef þeir gæfu honum leigu nokkura, "eru mér hér vegir allir kunnigir."

Auðgísl kvaðst lítið um hann, lést eigi vita hver þegn hann væri. Hallfreður var eggjandi að við honum væri tekið og það varð og skyldi hann hafa tólf auru silfurs. Hallfreður var þá sem gildastur en Auðgísl var við aldur. Nú fóru þeir sem leið lá. Önundur fór fyrir um daginn og komu að sæluhúsi um kveldið.

Þá mælti Hallfreður: "Nú munum vér eiga þrenn verk og skaltu Önundur viða heim, þú hefir exi mikla. Auðgísl skal eld gera en eg skal vatn sækja."

Þá mælti Önundur: "Það er þá best að viða ótæpilega til húss því að margir þurfa eldiviðinn þeir er hér koma."

Hallfreður kvað það vel sagt.

Þá mælti Auðgísl: "Fúsari væri eg að taka vatnið en þú gerðir eld Hallfreður."

"Látum þá svo vera," segir hann.

Síðan kveikti hann eldinn en Önundur fór með byrði og gerði það hver er boðið var. Hallfreði þótti þeim seint verða. Hann grúfði að eldinum og hafði kastað belti sínu á háls sér og var þar hnífur mikill er mönnum var þá títt að hafa og var hnífurinn á bak honum. Nú kemur Önundur inn með byrði. Hann hleypur þegar að honum Hallfreði og hjó til hans tveim höndum með exinni og kom í tygilhnífinn.

En Hallfreður greip til fóta honum og hét á guð og mælti: "Dugi þú mér Hvíta-Kristur ef þú ert svo máttugur sem Ólafur konungur segir. Lát eigi þenna mann stíga yfir mig."

Síðan réttist Hallfreður upp undir honum með fulltingi guðs og giftu Ólafs konungs. Tók hann þá Önund upp og rak niður svo mikið fall að hann var í óviti og hraut exin úr hendi honum. Hallfreður hafði sax eitt lítið og brá því og þá vitkaðist Önundur.

Hallfreður spyr: "Hefir þú drepið Auðgísl?"

Hann kvað svo vera. Þá lagði Hallfreður saxinu í gegnum hann og dró hann út úr skálanum en byrgði síðan fast. Og um nóttina braust Öundur á hurðina en Hallfreður stóð við innan og gekk því til dags. Um morguninn fann Hallfreður Auðgísl dauðan við lækinn og tók af honum hníf og belti og hafði með sér. Hann bjó um Auðgísl eftir siðvenju. Sá hann nú að Öundur mundi verið hafa illvirkin og drepið menn til fjár sér og það hús var auðigt að fé og varningi.

Hallfreður kvað þá vísu:

Ól eg, þar er aldrei véla
auðgildanda vildag,
hyrjar njót á hvítu
hrafnvíns fé mínu.
Vann eg til góðs við grenni
gunnmárs, sem eg kunni,
en fúrskerðir færði
fjörtál að mér hjörva.

Síðan reið hann austur á fjallið og hitti illar leiðir.

8. kafli

Að kveldi eins dags heyrði hann við felldan og reið þangað eftir. Þá varð rjóður fyrir honum og var þar maður og hjó við. Hann var búandlegur og rauðskeggjaður, skolbrúnn og heldur illmannlegur. Sjá maður heilsar honum. Hallfreður spyr hver hann væri.

Hann kvaðst Björn heita "og far með mér til gistingar."

Hann þiggur það. Björn var allbeinn við hann. Bóndi lá í lokhvílu en Hallfreður í annarri. Hann grunar Björn og stóð upp undir tjaldið með brugðið konungsnaut. Og í því lagði Björn í rúmið en Hallfreður hjó hann banahögg. Húsfreyja bað menn upp standa og taka þenna glæpamann. Menn báru klæði á vopn Hallfreðar og var hann handtekinn og bundinn.

Síðan voru send orð þeim manni er Ubbi hét. Hann átti sér bróður er Þórir hét. Hann var þar höfðingi. Hann átti dóttur er Ingibjörg hét. Hana hafði átt Auðgísl og var hinn mesti kvenskörungur. Nú koma menn til fundar þessa að dæma Hallfreð. Þar kom Þórir og Ubbi og Ingibjörg. Og kom það ásamt með þeim að hafa Hallfreð til blóta. Hann gekk að Ingibjörgu og kvaddi hana og kvaðst hafa þar gripi er Auðgísl hafði sent henni.

Hún segir: "Kenni eg gripina."

Hann segir henni alla söguna og kvað hann vísu:

Svo hef eg hermila harma,
hug-Baldr, í gný skjalda,
baugs erum svipr að sveigi,
sárlinns, rekið minna
en lofnugginn liggja
lét eg Baldr roðins skjaldar,
ek hefndi svo okkar
Auðgísli hjá dauðan.

Ingibjörg spurði vandlega að um atburði.

Ek bar elda stökkvi
ölna skeiðs af reiði
lagði eg hendr að hundi,
hunds glævara mundar.
Stendr ei sá sendir
síðan Hlakkar skíða
bál rauð eg Yggjar éla,
éls við þjóð á vélum.

Ingibjörg mælti: "Sé eg að þú munt með sönnu fara og skaltu fara heim með mér."

Fór Hallfreður heim með henni og var þá stirður af böndum og lét hún næra hann. Þau Þórir og Ingibjörg sendu menn á fjallið og fundu þar þau merki öll er Hallfreður hafði sagt. Var það allmikið fé er þaðan var flutt. Var það allra samþykki landsmanna að Hallfreður tæki fé það er Önundur hafði átt og héldu þeir mikið tal af honum.

Hallfreður lagði hug á Ingibjörgu og bað hennar.

Hún segir: "Eigi mun þá vel fyrir öllu séð er þú ert kristinn og hér útlendur en þú skalt finna föður minn ef þú vilt."

Hann gerir svo og tjár þetta fyrir Þóri og verða þeir vel ásáttir. Gekk svo til að Hallfreður fékk Ingibjargar og unni mikið. Þar stóð saman auður mikill og hafði Hallfreður þar virðingar miklar. Það hafði hann helst til trúar að hann blés í kross yfir drykk sínum áður hann drakk en fátt söng hann.

Eitt sinn talaði hann fyrir Ingibjörgu: "Eg ætla mér að fara á fund Ólafs Svíakonungs og færa honum kvæði er eg hefi ort um hann."

Hún kvaðst ætla að hann mundi heyrja vilja lofið.

9. kafli

Það sumar fór Hallfreður til Svíþjóðar og kom á fund konungs og kvaddi hann. Konungur spyr hver hann væri. Hann segir til sín.

Konungur mælti: "Víða ertu nefndur og skáld göfugra manna."

"Kvæði hefi eg ort um yður og vildi eg hljóð fá."

Konungur játti því. Síðan flutti hann kvæðið. Konungur bauð honum með sér að vera og gaf honum góðar gjafir.

Hallfreður kvaðst eiga bú og konu í hans skattlandi "og vil eg þangað vitja."

Konungur bað hann vel fara.

Hallfreður kom aftur til konu sinnar. Þar var hann tvo vetur og á hinum þriðja vetri var það eina nótt að honum þótti Ólafur konungur koma til sín og var reiðulegur og kvað hann mjög kasta kristni sinni: "Far á fund minn og lið þitt."

Hallfreður andvarpaði mjög er hann vaknaði. Ingibjörg spyr hvað hann hefði dreymt.

Hann segir henni "eða hversu mun þér um gefið, viltu nokkuð fara með mér? Á eg þér mikið gott að launa og þá fengi eg þér helst umbunað ef þú tækir við trú."

Hún segir: "Þess er von að þig muni þangað langa og skil eg að sá mun vera siður miklu betri og mun eg með þér fara."

Auðgísl hét son þeirra og var hann þá tvævetur. Þau fara á fund Ólafs konungs og tók hann vel við Hallfreði og ávítaði hann þó mjög og bað prest skrifta honum. Ingibjörg fæddi þá sveinbarn og hét sá sveinn Hallfreður og gaf faðir hans honum nafn sitt. Var þá Ingibjörg skírð og synir hennar báðir.

Ólafur konungur mælti þá við Hallfreð: "Nú skaltu bæta yfir við guð er þú hefir lengi verið með heiðnum mönnum og gengið mjög af trúnni."

Hann kvaðst það gjarna vilja og orti Uppreistardrápu, gott kvæði. Þann vetur andaðist Ingibjörg og þótti Hallfreði það allmikill skaði.

Um vorið sagði hann konungi að hann lysti að sjá Ísland.

Konungur sagði að það skyldi sem hann vildi: "Hefi eg þig reynt að góðum dreng en koma mun þar að þú mundir heldur vilja með mér vera að því skaplyndi sem þú hefir. En þessa gripi skaltu þiggja af mér, pellsskikkju, hring og hjálm, því að óvíst er um fundi okkra. Lóga eigi gripunum," segir konungur, "því að með þér skulu til kirkju fara en í kistu leggja hjá þér ef þú andast í hafi."

Hringurinn stóð þrjá ára.

Hallfreði þótti mikið fyrir skilnaði við konung. Auðgísl son Hallfreðar fór austur til Þóris móðurföður síns. Hallfreði syni sínum fékk hann fóstur gott.

Hallfreður lét í haf. Hann kom skipi sínu í Kolbeinsárós eftir þing.

Hann mælti til skipara sinna: "Ferð liggur fyrir mér suður um heiði að finna föður minn og skulum vér ríða tólf saman."

Nú var skip upp sett en þeir ríða á brott tólf saman og sneru vestur til Langadals. Þeir voru allir í litklæðum og stefndu til selja Gríss. Kolfinna var þar og konur nokkurar hjá henni. Þar voru fleiri sel og stóðu selin í Laxárdal milli Langadals og Skagafjarðar. Sauðamaður Kolfinnu sagði að tólf menn ríðu að selinu og voru allir í litklæðum.

Hún svarar: "Þeir munu eigi kunna leiðina."

Hann segir: "Kunnlega ríða þeir þó."

Nú koma þeir til seljanna. Kolfinna fagnar vel Hallfreði og frétti tíðinda.

Hann svarar: "Tíðindi eru fá en í tómi munu sögð vera og viljum vér hér í nótt vera."

Hún svarar: "Það vildi eg að þú riðir til veturhúsa og mun eg fá þér leiðsögumann."

Hann kvaðst þar vera vilja.

"Gefa munum vér yður mat," sagði hún, "ef þér viljið þetta eitt."

Nú stíga þeir af hestum sínum.

Og um kveldið er þeir voru mettir sagði Hallfreður: "Það ætla eg mér að liggja hjá Kolfinnu en eg lofa félögum mínum að breyta sem þeir vilja."

Þar voru fleiri sel og er svo sagt að hver þeirra fengi sér konu um nóttina.

En er þau komu í sæng, Hallfreður og Kolfinna, spyr hann hversu mart væri um ástir þeirra Gríss. Hún kvað vel vera.

Hallfreður segir: "Vera má að svo sé en annað þykir mér finnast á vísum þeim er þú hefir kveðið til Gríss."

Hún kvaðst engar kveðið hafa.

Hann segir: "Eg hefi litla stund hér verið og hefi eg heyrt vísurnar."

"Lát mig heyra," segir Kolfinna, "hverninn verki sá er að mér er kenndur."

Leggr að lýsibrekku
leggjar íss af Grísi,
kvöl þolir Hlín hjá honum,
heitr ofremmdar sveiti.
En dreypileg drúpir
dýnu Rán hjá hánnum,
leyfi eg ljósra vífa
lund, sem álftr á sundi.

"Ekki er slíkt bót annars og mikið undur að hraustur maður vill slíkt gera."

Hallfreður segir: "Enn hefi eg heyrt aðra:"

Þrammar svo sem svimmi
sílafullr til hvílu
fúrskerðandi fjarðar
fúlmár á tröð báru
áðr en orfa stríðir
ófríðr þorir skríða,
hann era hlaðs við Gunni
hvílubráðr, und váðir.

Kolfinna segir: "Ekki mun Grís yrkja um þig og sæmdi þér betur að óvingast eigi svo við hann því að eigi veit hvar manni mætir."

Hallfreður kvað vísu:

Lítt mun halr inn hvíti
hjálmgrandr fyrir búr skálmast,
hann muna aura Eirar
án, og Strútr hinn gráni.
Þótt orfþægir eigi

ófríðr stöðul víðan
hirðandi nýtr hjarðar
hjörfangs, og kví langa.

Kolfinna styggðist þá við.

Hallfreður kvað vísu:

Kolfinna lést kenna,
kveð eg um hlut þenna,
hvat kveða vitru vífi
valda, fúlt af skaldi.
Enn af ungum svanna
auðhnykkjanda þykkir,
óð em eg gjarn að greiða,
ganga dýrlegr angi.

Smalamaður reið brott um nóttina og sagði Grís hvað komið var en hann reið heiman við tuttugu menn.

Snemma um morguninn búast þeir Hallfreður og áður hann steig á hest kvað hann vísu:

Lítt hirði eg, lautar
lundr hefir hætt til sprunda
viggs, þótt verði hogginn
varrar, í höndum svarra
ef eg næði, Sif slæðu,
sóma, karms, meðal arma.
Máttkat eg láss um ljósa
lind oftrega bindast.

Síðan hljóp hann á bak og brosti.

Kolfinna mælti: "Hví brosir þú nú?"

Hann kvað vísu:

Veitkat eg hitt hvað verða
ver glóðar skal trúðu,
renni ást til Unnar
unnar dags, á munni
ef fjölgegnir fregna
fagnendr jötuns sagna,
fló eg af galtar grísi
geitbelg, hvað mig teitir.

Hallfreður vildi gefa Kolfinnu skikkjuna konungsnaut en hún vildi eigi þiggja.

Og áður þeir riðu brott kvað hann vísu:

Heim koma hirði-Naumur
hams er góðr á fljóðum,
sævar báls frá seljum
sléttfjallaðar allar.
Nú sel eg af þótt ýfist
ölbekkar Syn nakkvað,
hverr taki seggr við svarra
sínnum, ábyrgð mína.

Eftir það ríða þeir á brott.

10. kafli

Nú kemur Grís til seljanna. Kolfinnu var skapþungt. Grís sá það.

Hann kvað vísu:

Nú þykkir mér nokkur,
námskorð, vera orðinn,
lít eg á sumt um sveitir,
sveimr, meðan eg var heiman.
Hér hafa gestir gerva,
gengr út kona þrútin,
þerrir sjálegr svarri,
slaug, þunglega augu.

Þar var með Grísi Einar son Þóris Þrándarsonar. Grís vill eftir ríða en Kolfinna latti og kvað eigi víst hvort hans hlutur batnaði við. Grís vill þó eftir ríða. Þeir riðu fram hjá Auðólfsstöðum til Blöndu. Þá voru þeir Hallfreður komnir á miðja ána. Þá skaut Grís spjóti til Hallfreðar en hann tók á lofti og skaut aftur til Gríss en Einar brá við exi. Spjótið kom fyrir brjóst Einari og fékk hann bana. Grís kvað Hallfreð renna. Hann kvaðst eigi mundu fara lengra en af ánni og bað þá að sækja en Grís reið eigi að. Þá lögðu menn það til að Hallfreður skyldi bæta Grísi fyrir ósóma þann allan er hann hafði gert honum. Hallfreður spyr hvers hann beiddist.

Grís svarar: "Því mundi eg una ef eg hefði hringa báða, jarlsnaut og konungsnaut."

Hallfreður svarar: "Fyrr mun annað að berast."

Og skildu við það.

Hallfreður reið suður til bróður síns, en þá var faðir hans andaður, og var þar um veturinn.

Og um vorið er hann fór norður þá rak á fyrir þeim hrið. Hallfreður kvað það vera gjörningaveður. Þeir riðu ofan eftir Vatnsdal þar til að fyrir þeim varð einn garður og spruttu þar upp tuttugu menn. Þar var kominn Már af Mársstöðum. Hann hleypur fyrir Hallfreð en Hallfreður höggur þegar til hans en Már brá fyrir blóttugli og varð hann ekki sár. Hallfreður reið þá úr garðshliðinu.

Már kallaði: "Sækjum að þeim."

Hallfreður kvað vísu:

Mjök tegast sveimasökkvir,
snót, verð eg þegns fyrir hótum,
vér munum dag hvern dýra,
dulrækin mig sækja.
Heldr mun hæli-Baldri
hrævinns fyrir því minna,
von erumk slíks, að sleikja
sinn blóttrygil innan.

Skildu þeir við svo búið.

Húnröður hét maður er bjó að Móbergi. Grís var þingmaður hans. Þorkell krafla bjó þá að Hofi en Ingólfur var dauður.

Þenna vetur orti Hallfreður vísur um Grís og er Grís frá það fór hann til móts við Húnröð og bað hann ráðagerðar "því að Hallfreður herðir að eins fjandskap við mig."

Húnröður segir: "Þess fýsi eg þig að þú búir mál til og stefnir Hallfreði til Húnavatnsþings."

Grís gerði svo, reið suður um vorið til Hreðuvatns því að þeir Galti og Hallfreður bjuggu þar þá. Grís stefndi Hallfreði um víg Einars til Húnavatnsþings.

Og er þeir voru brottu mælti Galti við Hallfreð: "Hver er tilætlan þín um mál þetta?"

Hann svarar: "Eg ætla að sækja traust Þorkels mágs míns."

Þeir riðu sunnan um vorið og voru saman þrjú tigur. Þeir gistu að Hofi. Hallfreður spurði Þorkel hvert traust hann skyldi þar eiga. Þorkell kvaðst mundu veita að málum ef boðin væri nokkur sæmd. Nú koma menn til þings og á þinginu gengu þeir Hallfreður og Galti til búðar Þorkels og fréttu hvar koma skyldi.

Hann segir: "Eg mun bjóðast til gerðar ef þér viljið það hvorirtveggju og mun eg þá leita um sættir."

Ganga þeir nú út úr búðinni en Brandur Ávaldsson bróðir Kolfinnu lá á búðarveggnum. Hann hjó Galta banahögg í því er hann gekk út. Hallfreður sagði Þorkatli vígið.

Þorkell gekk með honum til búðar Gríss og bað hann fram selja manninn "ella munum vér brjóta upp búðina."

Þá hljóp Hildur móðir Brands í dyrnar og spyr hvað Þorkell vildi. Hann segir erindið.

Hildur mælti: "Eigi mundi þér það í hug að drepa son minn þá er eg skaut þér undan skikkjuskauti mínu og firrði þig bana eftir víg Glæðis þá er þeir Þorgils og Þorvaldur vildu drepa þig."

Þorkell mælti: "Liðið er nú það. Gangi konur út úr búðinni og viljum vér leita mannsins."

Brandur var faldinn og komst hann svo út og hittist hann eigi. Þorkell kvað hann farinn mundu til búðar Húnröðar.

Hallfreður mælti þá: "Grunur er mér nú á um liðveisluna og býð eg nú Grísi hólmgöngu."

Grís kvað hann það boðið hafa fyrir.

Þá kvað Hallfreður vísu:

Þá mun reyndr að ráðnu
róghnykkjöndum þykkja
mans að málma sennu
minn hugr við Kolfinnu
ef svo að ör á eyri
uppsátrs boði, máta
vel hyggjum það, viggjar
vísar mér að Grísi.

Grís hafði í hendi sverðið það er Garðskonungur hafði gefið honum.

Hallfreður sá einn dag hvar Kolfinna gekk. Hann kvað vísu:

Þykkir mér er eg þekki
þunnísunga Gunni
sem fleybrautar fljóti
fley meðal tveggja eyja.
En þá er sér á Ságu
saums í kvenna flaumi
sem skrautbúin skríði
skeið með gylltum reiða.

Það var um nóttina áður þeir skyldu berjast að Hallfreður svaf í sæng sinni. Honum þótti Ólafur konungur koma að sér og þóttist hann verða feginn og þó hræddur.

Konungur mælti: "Svefns er þér en þó mun þér sem þú vakir. Þú ætlast ógott ráð fyrir að berjast við Grís við ill málaefni. En hann hefir svo fyrir mælt og beðið guð að sá ykkar skyldi sigur fá er betri málaefni hefði. Haf ráð mitt, tak með þökkum að engi hólmganga verði og bæt fé. En á morgun er þú ert klæddur gakk út á holt það er hjá þingstaðnum er þar sem götur mætast. Menn muntu sjá ríða og haf við þá tal og kann vera að þér þyki þá annað meira vert en hólmganga Gríss og hirð eigi þótt honum þyki sem þú hræðist."

Hallfreður vaknar og íhugar hvað fyrir hann hefir borið og segir þeim manni er hjá honum var.

Sá svarar: "Hræðist þú nú grísinn og væri betra að hafa tekið fyrir gott ráð þá er hann mælti vel til en nú mun virt af óvinum þínum sem þú þorir eigi að berjast."

Hallfreður mælti: "Virði það hver sem vill. Hafa skal eg ráð Ólafs konungs. Þau munu mér best gefast."

Um morguninn gekk hann út á holtið og sá menn ríða í litklæðum að sér. Hann spurði þá tíðinda en þeir sögðu fall Ólafs konungs. Hallfreði varð svo við sem hann væri steini lostinn og gekk þegar heim til búðar með miklum harmi og lagðist þegar niður í rúm sitt. Þá mæltu Gríss menn að honum yrði lítilmannlega.

Grís svarar: "Það er ekki á þá leið. Minna sóma hafði eg af Garðskonungi og þóttu mér þau mest tíðindi er eg missti höfðingja míns. Er heit lánardrottins ást og er gott er eg skal eigi berjast við konungsgiftuna. Vil eg enn að Þorkell dæmi sem ætlað var."

Þorkell mælti: "Eg mun nú taka máli fyrir Hallfreð og sætta ykkur."

Þessu játti Hallfreður.

"Það er gerð mín," segir Þorkell, "að víg Einars komi fyrir víg Galta og þar með heimsókn við Kolfinnu fyrir mannamun en fyrir Gríssvísur skal Hallfreður gefa Grísi grip einn góðan."

Þá kvað Hallfreður vísu:

Auðs hef eg illrar tíðar
alldrengilega fengið,
mig hefir gæddan gulli
gramr og jarl, of framdan,
ef glapskyldir gjalda,
gjálfarteigs og hef eg eigi
mörk, fyrir minnstan verka
matvísu skal eg Grísi.

Þorkell bað hann hætta verkanum "og lát fram grip nokkurn þótt eigi sé af konungsnautum."

Þá lét Hallfreður fram hringinn Sigvaldaneit og skildu að því.

11. kafli

Síðan fór Hallfreður suður um heiði og fékk búið í hendur Valgerði systur sinni en hann fór utan í Kolbeinsárósi og kom við Orkneyjar. Þaðan fór hann til Noregs og kom á Sognsæ um veturnátta skeið og spurði þá að um fall Ólafs konungs. Hann orti þá Ólafsdrápu og er þetta stef í:

Nú eru öll um orðin
auð lönd að gram dauðan.
Allr lemst friðr af falli
flugstyggs sonar Tryggva.

Honum þótti svo mikið um fall Ólafs konungs að hann undi engu og ætlaði suður til Danmerkur eða austur til Svíþjóðar. Þeir lögðu í einn leynivog. Það spurði Hallfreður að Eiríkur jarl var þaðan eigi langt á brott á land upp. Það gerði hann sér í hug að drepa jarl þótt þegar væri hann drepinn.

Og um nóttina dreymdi hann að Ólafur konungur kæmi að honum og mælti: "Þetta er ónýtt ráð er þú ætlast fyrir. Yrk heldur drápu um jarl."

Um morguninn eftir gekk Hallfreður á bæ þann er Eiríkur jarl var og að stofu þeirri er jarl drakk inni. Hallfreður var kenndur. Hann var tekinn og færður jarli. Jarl vildi láta drepa hann fyrir það er hann meiddi Þorleif spaka og bað fjötra hann. En er fjöturinn var borinn að honum þá þreif hann til og hnykkti af þeim er á hann skyldi leggja og laust í höfuðið svo að sá hafði þegar bana. Jarl bað þegar drepa hann að hann gerði eigi fleira illt. Gamall maður reis upp utar á bekkinn og gekk fyrir jarl og bað hann gefa Hallfreði líf og var það Þorleifur hinn spaki.

Þá mælti jarl: "Það er og ómaklegast að þú biðjir honum griða eða manstu eigi að hann meiddi þig?"

Þorleifur svarar: "Það vil eg herra að Hallfreður hafi grið."

Jarl kvað svo vera skyldu sem hann vildi. Þorleifur tók Hallfreð í sveit sína.

Hann mælti við Hallfreð: "Viltu að eg dæmi með jarli og þér?"

Hallfreður kvaðst það gjarna vilja.

"Þá skaltu yrkja kvæði um jarl og haf gert innan þriggja náttu."

Og er þrjár nætur voru liðnar þá færði Hallfreður kvæðið og er þetta upphaf á:

Bær ert hróðr að heyra,
hjaldrör, um þig görvan.

Jarl launaði honum vel kvæðið "en ekki vil eg þig með mér hafa sakir Ólafs Tryggvasonar."

Þorleifur bauð Hallfreði til sín og þangað fór hann. Þorleifur reyndist honum hinn besti drengur.

Og að sumri fór Hallfreður út til Íslands og kom skipi sínu í Leiruvog fyrir sunnan land. Þá bjó Önundur að Mosfelli. Hallfreður átti að gjalda hálfu mörk silfurs húskarli Önundar og svaraði heldur harðlega. Kom húskarlinn heim og sagði sín vandræði. Hrafn kvað slíks von að hann mundi lægra hlut bera í þeirra skiptum. Og um morguninn eftir reið Hrafn til skips og ætlaði að höggva strengina og stöðva brottferð þeirra Hallfreðar. Síðan áttu menn hlut í að setta þá og var goldið hálfu meira en húskarl átti og skildu að því.

Annað sumar eftir áttu þeir Hallfreður og Gunnlaugur ormstunga ferð saman og komu á Melrakkasléttu. Þá hafði Hrafn fengið Helgu. Hallfreður sagði Gunnlaugi hversu honum hafði vegnað við Hrafn.

Hallfreður var lengstum í ferðum og undi sér engu eftir fall Ólafs konungs. Hann fór til Svíþjóðar að vitja Auðgils sonar síns og fjár síns. Hann ætlaði þar að festast.

Þá var Hallfreður nær fertugum manni er hann ætlaði til Íslands að sækja fé sitt. Hallfreður son hans var þá með honum. Þeir höfðu útivist harða. Hallfreður jós að sínum hlut og var þó sjúkur mjög. Og einn dag er hann gekk frá austri settist hann niður á ásinn. Og í því laust áfall hann niður í skipið og ásinn ofan á hann.

Þá mælti Þorvaldur: "Er þér bróðir erfitt við orðið?"

Hann kvað vísu:

Hnauð við hjarta og síðu
hreggblásnum mér ási.
Svo hefir yðr að öðru
áfall tekið varla.
Meirr hnauð mínum knerri.
Mjög er eg vátr of látinn.
Muna úrþægin eira
aldan sínu skaldi.

Þeir þóttust sjá sótt á honum og leiddu hann aftur eftir skipinu og bjuggu um hann og spurðu hversu honum segði hugur um sig.

Hann kvað vísu:

Sprund mun hvítri hendi
hördúks um brá mjúka,
fljóð gat fremdar orði,
fjölerrin mjög þerra
ef dauðan mig meiðar
morðveggs skulu leggja,
áðr var eg ungu fljóði,
út um borð, að sútum.

Þá sáu þeir konu ganga eftir skipinu. Hún var mikil og í brynju. Hún gekk á bylgjum sem á landi. Hallfreður leit til og sá að þar var fylgjukona hans.

Hallfreður mælti: "Í sundur segi eg öllu við þig."

Hún mælti: "Viltu Þorvaldur taka við mér?"

Hann kvaðst eigi vilja.

Þá mælti Hallfreður ungi: "Eg vil taka við þér."

Síðan hvarf hún.

Þá mælti Hallfreður: "Þér son minn vil eg gefa sverðið konungsnaut en aðra gripi skal leggja í kistu hjá mér ef eg andast."

Litlu síðar andaðist hann og var í kistu lagður og gripir hans með honum, skikkja, hjálmur og hringur, og skotið síðan fyrir borð öllu saman. Kistan kom í Eyna helgu í Suðureyjum og fundu sveinar ábóta. Þeir brutu upp kistuna og stálu fénu en sökkту líkinu í fen mikið.

Ábóta dreymdi þegar um nóttina að Ólafur konungur kæmi að honum. Hann var reiðulegur og kvað hann illa sveina eiga: "Hafa þeir brotið skip skálds míns og stolið fé hans en bundið stein við háls honum. Nú haf þú sannar sögur af þeim ella munu yður verða hver undur."

Nú voru sveinar teknir og gengu þeir við og var þeim gefið frelsi. Lík Hallfreðar var fært til kirkju og var grafið virðulega. Kaleikur var ger af hringinum en altarisklæði af skikkjunni en kertastikur úr hjálminum.

Þeir Þorvaldur tóku land og fóru á Óttarsstaði og voru þar um veturinn. Þorvaldur fór utan um sumarið en Hallfreður gerði bú á Óttarsstöðum. Hann var kallaður vandræðaskáld. Hann var mikilmenni og göfugur maður. Er mart manna frá honum komið.

Og lýkur hér sögu Hallfreðar.

(Brot úr Flateyjarbók. Það hefst framarlega í fyrsta kafla.)

Óttar mælti þá: "Viltu bóndi ljá mér skip?"

Hann spyr: "Hvað sveinum eruð þið?"

Hann svarar: "Þeir einir eru að betur samir að flytja okkur en dvelja okkur."

Hann svarar: "Það mun víst satt. Þið munið vera eyjarsveinar vorir."

Þá voru þeir fluttir til lands og kölluðust göngumenn og koma þar er síldaferja ein var og spurðu hver fyrir réði. Þeir kváðust vera norðan úr Vogum.

Óttar mælti: "Viljið þér nokkura þjónustusveina?"

Stýrimaður svarar: "Vel koma oss bakstursveinar og stigið á skip út."

Héldu síðan suður með landi og er þeir koma á Sognsæ þá mælti Óttar: "Nú viljum við hér inn í fjörðinn og eigum hér fyrir frændur."

Stýrimaður mælti: "Það skal ykkur nú heimilt og kann vera að þið séuð hér eigi verr komnir en þar sem þið voruð upp teknir og hafið þið vel þjónað en brugðnir munuð þið við fleira."

Síðan skildu þeir.

12. kafli

Síð um aftan komu þeir í Sogn til Galta móðurbróður síns og settust utarlega í hálm. Galti gekk að þeim og spurði hverjir þeir væru. Þeir kváðust vera göngusveinar.

Galti mælti: "Hitt mundi eg ætla að þið væruð dugandi menn og frændur mínir. Sé eg það á augnabragði ykkru og gangið til sætis."

Óttar svarar: "Nú er dulið til hófs er háskinn firrist."

Þar voru þeir í góðu yfirlæti sjö vetur eða átta og gerðust menn gervilegir. Og þá varð orusta á Fitjum og féll Hákon Aðalsteinsfóstri en Gunnhildarsynir tóku ríkið.

Þá mælti Galti: "Þann veg virði eg Óttar sem þú munir verða fyrir ykkur frændum. En nú er sú öld í Noregi að eg sé eigi að eg geti haldið ykkur fyrir óvinum vorum. Nú skuluð þið fara vestur til Englands og sjáum fyrst hversu við lætur en eg vænti friðar af Gunnhildarsonum ef þið eruð eigi við."

Óttar kveðst hans ráð hafa vilja og fóru þeir úr landi og vestur um haf og öfluðu sér fjár og gerðust miklir menn. Selt hafði Galti jarðir þeirra og kvikfé og varið í silfur. Þrjá vetur voru þeir fyrir vestan haf og áttu gnótt fjár.

Þá fóru þeir til Orkneyja og mælti Óttar við Ávalda: "Það leikur nú í skapi mér að kaupa mér Íslandsfar. Það spyr eg að þar hafa menn frelsi og það láta góðir drengir sér sóma."

Ávaldi bað hann fyrir ráða. Síðan keyptu þeir Íslandsfar.

Óttar mælti þá: "Nú er svo mál með vexti að vér höfum fengið fé mikið og gott orð en þó megum vér eigi heita vaskir menn ef eigi skulu föðurhefndir fram koma. En þó að það þyki eigi sýnt þá er það þó eigi reynt fyrr en vér finnum óvini vora. Nú skal framarla til hætta heldur en eigi finnumst vér."

Síðan fara þeir til fundar við víkinga og sáu í einum leynivogi mörg skip.

Þá mælti Óttar: "Nú munum vér hafa breytni. Eg mun frá liði skiljast og Ávaldi og hætta eigi liði voru. Vænti eg að vér verðum hamingjumeiri en illvirkjar þessir. En þeir menn er eftir eru skulu hafa hendur á reipum og verið búnir að vér komum aftur."

Þeir komu í lið víkinga og var spurt hvað manna þeir væru. Þeir kváðust vera matgerðarmenn og létu síld fala og spurðu hvar höfðinginn væri Sokki, "mun honum eigi hent að kaupa til vista yður?"

Menn svöruðu að hann væri eigi vanur að fara einn saman að síldakaupum "og fer hann jafnan við fjóra tigu manna."

Óttar svarar: "Hví sæta varleikar þessir eða hvar sefur hann á nóttum, liggur hann á skipi eða landi?"

Þeir kváðu hann í lofti einu sofa "því að hann á sökótt við menn og lætur log bera fyrir sér og ganga ekki allnær og eigi mun hann ganga að síldakaupum á kveldum."

Þeir Óttar gengu í brott og sátu um eigi að síður. Sokki lét læsa dyr hvert sinn er hann gekk á burt eða hann var þar og gætti sjálfur lukla og trúði sér best en lét standa þrjá tigu manna fyrir skemmudyrum.

Óttar hafði þetta allt spurt og hafði við búist og átti nafraskjóðu og graftól og mælti við Ávalda: "Nú munum við hafa gæslu á er menn eru á brottu frá skemmumni og grafa undir skemmuna og leita að koma upp undir skemmumni."

Og svo gerðu þeir og urðu menn ekki varir við þetta starf. Og um nóttina er Sokki kom í herbergið þá spratt Óttar upp og lagði spjóti í smáþarma honum neðan undir brynjuna en Ávaldi hjó úr Sóta bróður hans þjóhnappana og var það banasár. Síðan hlupu þeir í jarðhúsið er þeir höfðu gert og komust til báts síns og síðan til skips síns og fengu góðan byr til Íslands og þótti eigi skörulegri hefnd orðið hafa.

Gunnhildur konungamóðir spurði þetta og kvað mein að því að hún leiddi þá eigi augum er vini hennar höfðu drepið "en veit eg hverjir gert hafa."